

Eygló Harðardóttir (Hovedindlæg)

Forseti. Kæru þingfulltrúar. Ég vil byrja á að færa ykkur kveðju frá Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra sem átti ekki heimangengt vegna nýafstaðinna alþingiskosninga. Þemaumræðuefni okkar, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, eru metnaðarfull, taka á vandamálum og áskorunum um heim allan óháð efnahagslegri stöðu þjóða. Þau byggja á og taka við af þúsaldarmarkmiðunum og ljúka því sem þau ekki náðu og ber öllum þjóðum heims að vinna skipulega að framkvæmd þeirra. Við ætlum okkur að ná þessum markmiðum eigi síðar en árið 2030. Það eru falleg orð: mannkyn, jörðin, hagsæld, friður og öryggi, samvinna, samstarf. Heimsmarkmiðin eru þannig fyrst og fremst tæki þar sem leitast er við að tryggja öllum íbúum heims grundvallarmannréttindi og miða að því að enginn verði skilinn eftir.

Ég ætla því aðeins að fá að fara með ykkur aftur til ársins 1948 og að aðdraganda þess að ríki heims sameinuðust um gerð mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, en samþykkt hennar var fyrst og fram að því öflugasta viðleitni alþjóðasamfélagsins til að setja ítarlegar efnisreglur um mannréttindi. Hún var hreint og beint mögnuð og var drifin áfram af einstaklingum sem vildu leggja sitt af mörkum til að seinni heimsstyrjöldin yrði síðasta heimsstyrjöldin. Höfundarnir voru sannfærðir um það að þessum markmiðum yrði ekki náð nema með því að efla virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi sem er klár áminning um órofa tengsl öryggis og virðingar fyrir mannréttindum. Þessi rök eiga enn við sjötíu árum seinna, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verður ekki náð án þess að grundvallarmannréttindi verði tryggð. Þannig var samþykktur mikilvægur áfangi en það er einungis upphaf langs ferlis við framkvæmd og framkvæmd þeirra verður mikið verkefni. Við þurfum að tryggja sterkt

heildstætt utanumhald og fjármuni til verksins.

Heimsmarkmiðin spanna vítt svið sjálfbærrar þróunar á sviði félags-, efnahags- og umhverfismála. Þau miða að því að útrýma fátækt í heiminum fyrir 2030, stuðla að efnahagslegri velmegun, félagslegri þróun og vernd umhverfisins. Þó að Ísland styddi að sjálfsögðu heildarumgjörðina í samningaviðræðunum um heimsmarkmiðin öll lagði Ísland áherslu á jafnrétti kynjanna, málefni hafsins, landgræðslu og sjálfbæra landnýtingu, auk endurnýjanlegrar orku og framfara í lækningu sjúkdóma og skaða á taugakerfinu. Öll þessi atriði fengu sess í heimsmarkmiðunum eða í pólitísku yfirlýsingunni. Við erum þannig meðvituð um að til þess að ná þessum markmiðum þarf að huga að öllum þessum þáttum sjálfbærrar þróunar, þeim félagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu.

Ég ætla aðeins að fá að nefna það hér, þó að öll markmiðin séu að sjálfsögðu mikilvæg, að ég tel einkar mikilvægt, og vera stórt verkefni okkar Norðurlandanna, að vinna að kynjajafnrétti. Aukin þátttaka og valdefling kvenna og stúlkna, sem fjallað er um í fimmta markmiðinu, og samþætt inn í önnur markmið, er mikilvæg forsenda þess að árangur náist. Þannig tengjum við í gegnum jafnréttismálin öll hin markmiðin. Mikilvægi kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna er rauði þráðurinn í gegnum öll heimsmarkmiðin og ekki að ástæðulausu. Konur og stúlkur eru meira en helmingur íbúa jarðar. Þær verða oft verr fyrir barðinu á fátækt, loftslagsbreytingum, skorti á heilbrigðisþjónustu og efnahagskreppum og það er gríðarlega mikilvægt, nú sem aldrei fyrr, að tryggja jafnrétti og valdeflingu stúlkna og kvenna um heim allan. Ísland eins og önnur Norðurlönd styður fast við mikilvægi kynheilbrigðis og réttinda því tengdu, þar sem við erum sannfærð um að sá þáttur sé mikilvæg breyta við að ná jafnrétti. Þannig geta Norðurlöndin í sameiningu komið sterk inn við framkvæmd heimsmarkmiðanna.

Á sviði jafnréttismála standa fáar þjóðir Norðurlöndunum framar. Ísland hefur á síðustu sjö árum verið efst á lista World Economic Forum, það land þar sem staða kvenna er sem best. Þó að margt hafi áunnist hjá okkur er enn tilefni til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði, vinna í launajafnrétti og auka aðgengi kvenna að efnahagslegum og samfélagslegum valdastöðum.

Það er hins vegar ánægjulegt að nefna það að þegar Alþingi kemur saman í kjölfar þingkosninga síðastliðna helga hafa aldrei verið fleiri konur sem taka sæti á þinginu, tæplega 50%, eða 47,6%. Við erum svo sannarlega að fara í rétta átt en getum gert meira og meira fyrir heiminn. Okkur má ekki skorta metnað. Konur ætla ekki að bíða í 117 ár til að ná kynjajafnrétti á heimsvísu sem er samkvæmt World Economic Forum sá tími sem það tekur ef við höldum áfram á sama hraða og nú. Með samþykkt heimsmarkmiðanna eru þjóðir heims að snúa bökum saman. Við ætlum meðal annars að ná kynjajafnrétti árið 2030.

Ég tel líka einkar mikilvægt, þegar við ræðum framkvæmdina, að það sé eitt ráðuneyti sem beri ábyrgð á framkvæmdinni í hverju landi fyrir sig og við höfum samþykkt að það sé forsætisráðuneytið á Íslandi í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið og önnur ráðuneyti. Ákvörðun varðandi heildarlandsáætlun, um innleiðingu heimsmarkmiðanna, þar sem sett eru fram áherslur, markmið og mælikvarðar fyrir Ísland, mun bíða nýrrar ríkisstjórnar ásamt frekari ákvörðun til að tryggja enn frekar sterkt utanumhald um framkvæmdina. Þá þurfum við að sjálfsögðu að kynna þessi mikilvægu markmið.

Forseti. Norðurlöndin eiga að vera í fararbroddi við framkvæmd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Við vitum að til okkar er horft og á okkur er hlustað. Hér getum við í sameiningu látið gott af okkur leiða. Rödd okkar, rödd Norðurlandanna, er sterk. Við erum sterkari saman. Notum þannig sameiginlega rödd okkar við framkvæmd heimsmarkmiðanna. Ég þakka áheyrnina.

Skandinavisk oversettelse:

Præsident. Kære parlamentarikere. Jeg vil begynde med at bringe jer en hilsen fra statsminister Sigurður Ingi Jóhannsson, som er forhindret i at rejse på grund af det nyoverståede altingsvalg. Vores tema i dag, FN's verdensmål for bæredygtig udvikling, er ambitiøst og tager fat på globale problemer og udfordringer uanset landenes økonomi. De bygger på og erstatter 2015 målene, og fortsætter hvor de andre slap og forpligter samtlige verdens lande til at arbejde målrettet for implementeringen af

disse. Målene skal være opnået inden 2030. Ordene er smukke: Menneskehed, jordkloden, velstand, fred og sikkerhed, samarbejde, fællesskab. Verdensmålene er først og fremmest redskaber til at sikre alle jordboere basale menneskerettigheder, og stræber mod at ingen bliver overset.

Lad mig derfor tage jer tilbage til år 1948, og optakten til at verdens lande gik sammen om FN's menneskerettighedserklæring, som markerede verdenssamfundets hidtil stærkeste forsøg på at fastsætte dybdegående regler om menneskerettigheder. Erklæringen var rent ud sagt kraftfuld, drevet frem af personer som ønskede at bidrage til at anden verdenskrig også blev den sidste verdenskrig. Forfatterne var overbeviste om, at dette mål ikke blev opnået uden øget respekt for menneskets rettigheder og integritet, hvilket er en tydelig påmindelse om at sikkerhedsaspektet og respekten for menneskerettigheder ikke kan skilles ad. Disse argumenter gælder stadigvæk 70 år senere. Vi vil ikke kunne opnå FN's verdensmål uden at sikre grundlæggende menneskerettigheder. Således blev en vigtig etape vedtaget, men som blot er begyndelsen på en lang proces, hvor implementeringen er en stor opgave. Vi skal sikre en effektiv overordnet administration og finansielle ressourcer til at opgaven.

Verdensmålene danner et bredt spekter af bæredygtig udvikling på det sociale, økonomiske og det miljømæssige område. Formålet er at udrydde fattigdom i verden inden 2030, og fremme økonomisk velstand, social udvikling og miljøbeskyttelse. Til trods for at Island selvfølgelig støttede de overordnede rammer for forhandlingerne om samtlige mål, så lagde Island særlig vægt på kønnenes ligestilling, marine spørgsmål, opdyrkning af land og bæredygtig arealforvaltning, samt vedvarende energi og fremskridt inden for behandling af sygdomme og skader på nervesystemet. Alle disse områder blev inkluderet enten i selve verdensmålene eller den politiske erklæring. Vi er således bevidste om, at for at opnå disse mål, er vi nødt til at tage højde for alle tre dimensioner af bæredygtig udvikling. Det vil sige den sociale, den økonomiske og den miljømæssige.

Jeg vil gerne nævne, at til trods for at samtlige mål naturligvis er vigtige, så finder jeg det særligt vigtigt, og ser det som en stor opgave for os i Norden, at arbejde for ligestilling mellem kønnene. Kvinders og pigers øgede deltagelse og myndiggørelse, som omtalt i det femte mål og integreret i de andre mål, er en vigtig forudsætning for at vi opnår resultater. På den måde

kobler vi alle de øvrige mål sammen via ligestillingsaspektet. Betydningen af kønnenes ligestilling og kvinders myndiggørelse går som en rød tråd gennem samtlige verdensmål, og ikke uden grund. Kvinder og piger udgør mere end halvdelen af jordens befolkning. Ofte bliver de hårdere ramt af fattigdom, klimaændringer, mangelfuldt sundhedsvæsen og økonomiske kriser. Det er enormt vigtigt, nu mere end nogensinde, at sikre kvinders og pigers ligestilling og myndiggørelse i hele verden. Island, såvel som de øvrige nordiske lande, understreger betydningen af reproduktiv sundhed og retten dertil. Vi er overbeviste om, at der her er tale om en vigtig variabel for at opnå ligestilling. Således kan de nordiske lande i fællesskab yde en stor indsats for implementering af verdensmålene.

På ligestillingsområdet er de nordiske lande blandt de førende i verden. De sidste syv år har Island toppet World Economic Forums liste over de mest ligestillede lande i verden. Til trods for at vi har opnået meget, er der stadigvæk plads til forbedringer, når det gælder kvinders stilling på arbejdsmarkedet, ligeløn mellem kønnene og kvinders adgang til økonomisk og samfundsmæssig magt. Det konstateres med glæde, at når Altinget samles igen efter weekendens valg, vil der være flere kvinder i parlamentet end nogensinde før – næsten halvdelen – eller 47,6 %. Vi bevæger os helt sikkert i den rigtige retning, men der skal mere til hvis vi skal kunne bidrage mere globalt. Vi må ikke mangle ambition. Kvinder har ikke tænkt sig at vente i de 117 år, som World Economic Forum skønner at det vil tage at opnå ligestilling mellem kønnene globalt, hvis vi følger samme tempo som nu. Når verdens lande vedtager verdensmålene stiller de sig skulder mod skulder. Vi agter blandt andet at opnå kønnenes ligestilling inden 2030.

En anden ting jeg finder særdeles vigtig i forbindelse med implementeringen, er at et enkelt ministerium tager det overordnede ansvar for gennemførelsen i hvert land. I Island er vi blevet enige om, at det bliver statsministeriet, i et godt samarbejde med udenrigsministeriet og andre ministerier. Beslutningen om en samlet national plan for implementering af verdensmålene, herunder prioriteringer, mål og indikatorer for Island, må vente indtil en ny regering er dannet, sammen med beslutningen om at styrke administrationen af implementeringen. Vi skal selvfølgelig også præsentere de vigtige mål.

Præsident. Norden bør lægge sig i spidsen for implementeringen af FN's

verdensmål for bæredygtig udvikling. Vi ved at verden følger med i det vi gør og der bliver lyttet til os. Her kan vi gå sammen om at skabe gode resultater. Vores stemme, Nordens stemme, er stærk. Sammen er vi stærkere. Lad os bruge vores fælles stemme når vi implementerer verdensmålene. Tak for at I lyttede.

Information

Talenummer

28

Type

Hovedindlæg

Person

[Eygló Harðardóttir](#)

Talrolle

Statsministerens stedfortræder, Island

Dato

01.11.16 16:52